

Hafnarfjarðarbær
Þormóður Sveinsson
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 12. janúar 2021
UST202012-169/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013 - 2025 - Selhraun suður

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar er barst 17. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025 vegna Selhraun suður.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að lóðirnar sem eru á athafnasvæðinu AT2, Norðurhella 13-15-17-19 og Suðurhella 12-14 verða breytt í blandaða byggð atvinnu- og íbúðarhúsnæðis.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er flatlent helluhraun frá nútíma, með hraunbollum og vaxið grámosa, lyngi og kjarri á stöku á stöku stað.

Umhverfisstofnun bendir á að óraskað hraun á svæðinu fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hraunið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þess sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Aðliggjandi svæði


Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að verið er að skilgreina íbúðarsvæði á jaðri iðnaðarsvæðis (I3) en á iðnaðarsvæðinu er gert ráð fyrir mengandi starfsemi.

Vegna nálægðar iðnaðarsvæðis (I3) við íbúðarbyggð og náttúru telur Umhverfisstofnun æskilegt að lagt verði mat á áhrif breytingarinnar á hljóðvist og loftgæði sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða og reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur